

# **Lokaskýrsla vegna umsóknar um styrk til Erfðanefndar landbúnaðarins**

*Umsækjandi: Eigenda- og ræktendafélag landnámsþænsa – kt. 540806-0470*

*Dagsetning umsóknar: 7. maí 2017*

## **Inngangur**

Eftirfarandi er greinagerð um nýtingu styrks sem Eigenda- og ræktendafélag landnámsþænsa (ERL) var úthlutað að undangenginni umsókn í maí 2017. Verkefnið bar heitið „Ræktunar- og kynningarstarf landnámsþænnar“.

Að verkefninu stóðu auk ERL, þau Jóhanna Harðardóttir og Ólafur R. Dýrmundsson. ERL telur að markmiðum verkefnisins hafi verið náð og verður gerð grein fyrir því í stuttu máli hér á eftir.

ERL vill þakka Erfðanefnd landbúnaðarins kærlega fyrir ómetanlegan stuðning til fræðslu um landnámsþænsu og hirðingu þeirra.

Eigenda- og ræktendafélag landnámsþænsa (ERL) er eina félagið hér á landi sem stuðlar að verndun og skipulegri ræktun á landnámsþænni. Hænsnastofninum sem dr. Stefán Aðalsteinsson safnaði saman og bjargaði frá útrýmingu um miðjan áttunda áratug síðustu aldar. Verk hans á þessum árum er útgangspunktur félagsins í verndunar og ræktunarstarfi.

Í verndunarstarfi líkt og ERL stendur fyrir og stuðlar að við sína félagsmenn er mikilvægt að halda uppi góðu kynningarstarfi. Þá hvað varðar ræktun og hriðingu almennt, það er mikilvægt að ræktendur og hæsnæigeindur geri sér grein fyrir hvernig utanumhald landnámsþænnar þarf til þess að tryggja verndun hennar um ókomin ár.

## **Markmið:**

Aðalmarkmið þessa verkefnis er að fjármagna að einhverju leiti kennslu, útbúning námsefnis og ferðakostnað kennara á námskeið á vegum félagsins. Námskeiðið gæti þá verið haldið á fleiri en einum stað á landinu. Námskeiðið leiðir vonandi til þess að eigendur og ræktendur landnámsþænsa auki skilning sinn á að halda landnámsþænni aðskilinni frá öðrum tegundum hænsna og auki þekkingu þeirra á þörfum þeirra og ræktun.

## **Framkvæmd - „Ræktunar- og kynningarstarf landnámsþænnar“**

Eins og fram kom í styrkumsókninni á sínum tíma, þá stóð til að halda námskeið um hæsnahald og þá sér í lagi landnámsþæns. Nú hefur ERL staðið fyrir 2 námskeiðum í samvinnu við þau Jóhönnu Harðardóttur og Ólaf Dýrmundsson sem voru kennarar á námskeiðinu.

Fyrri námskeiðið fór fram 28. Október 2018 og hið síðara 5. Maí 2019. Þátttakendur 28. Október voru 20 manns og komust færri að ein vildu. Þátttakendur voru 11 þann 5. Maí s.l.

Námskeiðið í hvort skiptið fyrir sig spannaði 1 dag, hófst 10:00 að morgni og endaði klukkan 16:00 síðdegis, með matarhléi og stuttum hléum. Námskeiðið var ætlað nýgræðingum í hæsnahaldi sem og reyndari eigendum. Bæði námskeiðin fóru fram í Reykjavík.

Efnistöð námskeiðisins voru eftirfarandi:

- **Stutt kynning á ERL**, sagan í stuttu máli, ábyrgð félagsins, ræktunarmarkmið, vottun og sala.
- **Undirbúningur hæsnahaldsins**, að gera sig tilbúin til að annast hænur og byrja hæsnabúskapinn.
- **Reglugerðir og ofl skemmtilegt**. Um dýravelferð, hæsnahald í þéttbýli ofl.
- **Eyðing og verndun erfðaefnis í heiminum**. Kemur inn á hvers vegna ræktunarstarfið er mikilvægt. Ræktunarreglur ERL og vottunarstarf.
- **„Slow Food“ verkefnið**. Samstarf ERL og Slow food samtakanna

#### Hænan sjálf og ungarnir.

- **Egg og útungun**, eggjð og þroski fósturs, umhirða eggja til útungunnar og neyslu, undirstaða í að unga út (vélakostur, hita- og rakastig ofl)
- **Ungar**, klak og fyrstu dagar ungangs, ungar teknir inn í kofann. Fóðrun og umhirða unga. Kyngreining.
- **Hæsnavelferð, eftirlit með dýrunum, fóðrun og brynning**. Almenn um heilsu hæsnanna, eftirlit með þeim innanhúss sem utan. Umhirða og þrif, fóðrarar og brynnarar, hæsnafóður af ýmsum gerðum. Fóðrun almennt.

#### Húsakostur og aðbúnaður

- **Hæsnakofinn og umhverfið**. Vel útbúinn hæsnakofi, tækjabúnaður, innréttingar, efni til þrifa, undirlag á gólf og í kassa. Verklagsleiðbeiningar.
- **Umhirða**. Dagleg, vikuleg og árstíðabundin umhirða hæsnanna
- **Sjúkdómar og varnir**. Heilsa hæsnanna, gátlisti. Um helstu kvilla og varnir gegn þeim. Slátrun.
- **Að njóta samvistanna**. Hamingjusamar hænur og eigendur: gagnlegar þælingar um hæsnahald t.d. í þéttbýli, ráð til að auðvelda hæsnahaldið og gera að vistvænna og skemmtilegra.
- **Landnámsænan (skemmtilega hænna) og vinir hennar** – saga ræktunarinnar. Upphaf og ástæða, saga, ábyrgð ræktandans, samfélagið,
- **Fyrirspurnir og ráðgjöf** – auðvitað er svo líka tekið við fyrirspurnum og rætt það sem gestum liggur á hjarta.

Námskeiðin voru auglýst í Bændablaðinu, á heimasíðu félagsins ([www.haena.is](http://www.haena.is)), á fésbókarsíðu félagsins og fésbókarhópum. Einnig nýttist árlegt tímarit félagsins til auglýsinga. Einnig var stutt viðtal á Rás 2 við Jóhönnu Harðardóttur um námskeiðin fyrir fyrsta námskeiðið okkar.

Það fjármagn sem ERL fékk í styrk frá Erfðanefnd landbúnaðarins hefur nýst í þetta verkefni. Sem dæmi má nefna; til að fjármagna kennslu, til auglýsinga, við útbúning kennsluefnis, prentun kennsluefnis til dreyfingar á námskeiðunum og leigu á sal undir námskeiðið.

#### Lokaorð:

Stjórn ERL telur að stuðningur Erfðanefndar landbúnaðarins fyrir þetta verkefni hafi komið að miklu gagni. Þá sérstaklega til að breiða út boðskap um verndargildi landnámsþæunnar og stuðla að fræðslu um þetta landkyn okkar.

ERL er að skoða þann möguleika að halda áfram með námskeiðahald á þessu ári. Fyrirhugað er að skoða þann möguleika að halda námskeið í haust t.d. á Norðurlandi. Gaman væri ef kynningarstarf sem þetta er verði reglulegt og árlegt á vegum ERL.

***Fyrir hönd stjórnar ERL:***

***Magnús Ingimarsson (ritari í stjórn ERL)***

***[m.ingimars@gmail.com](mailto:m.ingimars@gmail.com)***